

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella



Reykjavík 16. ágúst 2016  
UST201608-017/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Landmannalauga, friðlandi að Fjallabaki**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Landmannalauga, friðlandi að Fjallabaki.

#### **Skipulagssvæðið**

Friðland að Fjallabaki er friðland sem nær yfir 44.633.4 ha. Eins og fram kemur í friðlýsingu svæðisins er tilgangur friðlýsingar að varðveita sérstök landsvæði þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra á sama hátt og við gerum. Verndargildi svæðisins liggur í fjölbreyttu landslagi, sérstöku en viðkvæmu lífríki, og eru öræfaauðn og kyrrð megineinkenni Friðlands að Fjallabaki. Svæðið er mótað af eldvirkni, og jarðhita. Þar er litadýrð mikil, m.a. fyrir tilstilli líparíts og hrafntinnu í fjöllum. Hraun, ár og vötn setja líka svip á landslagið.

Í lýsingu ofangreindrar tillögu kemur fram að í dag er megin þjónustukjarninn undir Laugahrauni en lögð verður áhersla á að færa meginþunga þjónustu norður fyrir Námshraun og dagsaðstöðu norður fyrir Námskvísl. Einnig kemur fram að uppbygging við Námshraun er áætluð á aurum Jökulgilskvíslar og er miðað við að gestir verði u.þ.b. 4000 yfir daginn og að 500 manns komist í gistingu. Í lýsingunni kemur einnig fram að áætluð uppbygging við Námshraun sé rúmlega 1200 m<sup>2</sup>.

Í lýsingu kemur fram að í væntanlegu skipulagi verður gert ráð fyrir að öll almenn umferð bíla endi við bílastæðið norðan Námskvíslar. Einnig er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir daggesti þar. Áætluð uppbygging er um 300 m<sup>2</sup>.

#### **Laugasvæðið**

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um að endurheimta náttúrulegt yfirbragð Laugasvæðisins og að endurheimta útsýni yfir til líparít fjalla. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir þá áætlun að fjarlægja aðrar byggingar en skála Ferðafélags Íslands af Laugasvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir tjaldsvæði kringum skála FÍ, heldur gera ráð fyrir öllum tjöldum á nýju tjaldstæði við Námshraun.

## Gisting og gistaðstaða

Eins og fram kemur að ofan er gert ráð fyrir að um 500 manns komist í gistingu við Námshraun í framtíðaruppbyggingu. Umhverfisstofnun bendir á að hvað gistingu varðar þá ætti að gera ráð fyrir mun hóflegri gistaðstöðu innan friðlandsins en kemur fram í ofangreindri lýsingu. Tryggja þarf að fjöldi ferðamanna ógni ekki friðlandinu og að sama skapi þarf að tryggja upplifun þeirra sem heimsækja svæðið. Umhverfisstofnun bendir á að markmið með friðlýsingu svæðisins er að viðhalda öræfaauðn og kyrrð sem er eitt af meginþekkingum friðlands að Fjallabaki. Fram kemur í skýrslu starfshóps um friðland að Fjallabaki að vinna þurfi heildarstefnumótun m.a. hvað varðar gistingu innan friðlandsins. Umhverfisstofnun vinnur nú undirbúning að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki, sem unnin verður í samvinnu við sveitarfélög og hagsmunaaðila. Samkvæmt lögum um náttúruvernd þá skal stjórnunar- og verndaráætlun m.a. fjalla um landnýtingu, vöktun og aðgengi ferðamanna. Einnig er hægt að setja sérstakar reglur um umferð og dvöl manna á viðkomandi svæði. Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að miða ætti við að byggja upp gistimöguleika fyrir utan friðlandið til að minnka álag innan þess. Færsla á gistaðstöðu norður fyrir Námshraun ætti því að miða að því að draga úr álagi á votlendissvæðið og laugasvæðið sunnan Námskvíslar. Uppbygging á umfangsmikilli gistaðstöðu norðan Námshrauns kann að hafa töluverð áhrif á landslag svæðisins og meiri ágang á viðkvæmt votlendissvæði sunnan Námskvíslar. Til samanburðar má benda á að stærstu hótél í Reykjavík hýsa um 200 herbergi, u.þ.b. 400 gistipláss.


## Umhverfisviðmið


Í lýsingu er listi yfir þau umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu en þar er vísað í 37. gr. laga um náttúruvernd varðandi jarðminjar. Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 60/2013 er það grein 61 sem varðar jarðmyndanir og sérstaka vernd þeirra, en 37. gr. þeirra varðar réttaráhrif skráningar minja á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir varðandi dreifingu þjónustu við Landmannalaugar, en telur að meginþungi þjónustu skuli vera utan friðlandsins, þ.e. fækka ætti gistinóttum innan friðlandsins miðað við það sem fram kemur í lýsingu. Stofnunin telur að öll tjaldsvæði skuli vera á nýju þjónustusvæði sem áætlað er fyrir norðan Námshraun.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnunar að í ofangreindri lýsingu sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Adalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri